

snið treyjunnar og efni gáfu ástæðu til að ætla að hann hefði áður átt betri daga. Sömuleiðis bar hinn gáfulegi og hreinskilnislegi svipur hans vott um að hann hefði notið góðs uppeldis og hentugar kenslu.

Drættirnir í barnsandliti þessu voru dimmir, en reglubundnir og framúrskarandi fallegir. Hrafnsvart hár féll í lokkum á herðar niður, utanum litla sólbrénda hálsinn. Í módökku, fallegu augunum glitraði fjörið, sakleysið og vitsmunirnir.

Pilturinn stóð kyr við dysina. Hann skalf af kulda, því þessi gömlu, þunnu fót veittu honum ekki nægilegt skjól, og svo voru þau nærri gegnvot af regðinu.

“Ó, það er svo dimt í skóginum”, sagði hann við sjálfan sig, “og mér er svo kalt og ég verð votur. En það tjáir ekki að tala um það”, bætti hann við í öruggari róm, “móðir mín er veik og deyr af kulda, ef ég útvega ekki eldivið, og því verð ég að herða mig”.

Pilturinn klifraði upp á dysina og fór að tina saman þurrar greinar og kvisti. Það dimmdi æ meir og þokan óx. Honum kom nú til hugar, hvert ódádæverk hér hafði verið unnið. varð dálítið skelkaður, kastaði frá sér eldiviðnum og þaut ofan á þjóðveginn aftur.

“Nei”, sagði hann lágt, “ég má ekki taka neitt frá þessum voðastað. Myrti maðurinn getur komið og heimtað eign sína aftur. Ég verð að fara inn í skóginn til að finna þar eldivið. — En, það er svo dimt — svo dimt. Ég verð að minsta kosti að fara héðan, því þessi staður vekur hjá mér hræðslu”.

Vesalings pilturinn hljóp eins hratt og hann gat eftir veginum, rétt eins og svipur hins myrta manns væri á hælum honum. Loks stóð hann kyr, lagði hendina á hjarta sitt, sem barðist ótt, og sagði: